

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Kópavogur – Garðabær, Kjóavellir. Hamraendi 14-20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 11. ágúst 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla fyrir lóðina nr. 14-20 við Hamraenda. Í breytingunni felst að komið er fyrir byggingarreit fyrir 42,2 m² viðbyggingu innan hestagerðis á vesturhlið hesthússins. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,31 í 0,33. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Kópavogur – Garðabær, Kjóavellir. Hamraendi 14-20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 27. október 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla fyrir lóðina nr. 14-20 við Hamraenda. Í breytingunni felst að komið er fyrir byggingarreit fyrir 42,4 m² viðbyggingu innan hestagerðis á vesturhlið hesthússins. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,33 í 0,36. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. desember 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025